

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 6 ára typt-unarhúsvinnu. Í iðgjöld greiði hann Jóhanni bónda Guðmundssyni í Laugardælum 70 krónur. Svo greiði hann og allan af málinu gegn honum, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, og af varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. marz mánaðar.

Nr. 35/1897:

Jón prestur Guðmundsson  
gegn

Sigurði Eiríkssyni.

D ó m u r :

Með brjefi, dags. 8. febr. 1897, krafðist presturinn í Skorrastadar prestakalli, síra Jón Guðmundsson á Nesi í Norðfirði, þess, að sýslumadurinn í Suður-Múlasýslu tæki eða ljeti taka lögtaki hjá hinum stefnda Sigurði Eiríkssyni, sem búíð hafði á Björushúsum í Norðfirði, dagsverk, að upphæð 3 kr. 4 a., sem fjell í gjalddaga á túnaslætti sumarið 1896, og jarðartiund, sem fjell í gjalddaga vorið 1896, að upphæð 1 kr. 65 a. Með úrskurði fógetarjettar Sudurmúlasýslu, uppkvednum 25.

marz f. á., var lögtaksbeiðninni hrundið, og kveðið svo á, að lögtakið skyldi ekki fram fara. Þessum fógetaúrskurði hefur Jón prestur Guðmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. ágústm. f. á., og krafizt þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, að fógétinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Af sinni hálfu hefur stefndi Sigurður Eiríksson krafizt þess, að fógetarjettarúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi flutt frá Björnshúsum í Norðfirði (Skorrastaðarprestakalli) til Eskifjarðar (í Hólmaprestakalli) eigi síðar en í fardögum 1896. Honum bar því eigi skylda til þess að greiða prestinum í Skorrastaðarprestakalli, áfrýjandanum, dagsverk sumarið 1896, þótt hann kunni að hafa haft ýmislegan pening þar þetta ár til geymslu og fóðrunar. Úrskurður fógétans er því rjettur að þessu leyti og ber að staðfesta hann. Hvað jarðartiundina aptur á móti áhrærir, þá var hennar krafizt af áfrýjanda sem prestsgjalds fyrir fardagaárið 1895—96, en það ár bjó stefndi á Björnshúsum í Norðfirði og var sóknar barn áfrýjanda, og með því að stefndi hefur eigi neitað að skulda áfrýjanda umkrafða upphæð, 1 kr. 65 a., var ástæðulaust af fógétanum að neita að fremja hið umbeðna lögtak og ber því að þessu leyti að tella hinn áfrýjanda úrskurð úr

gildi. Eptir atvikum er rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, að því umbedið lögtak fyrir jarðar-tíund 1895—96 snertir, og ber fógétanum að framkvæma lögtak á gjaldi þessu. Að öðru leyti á úrskurðurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn hinn 28. marzmánaðar.

Nr. 43/1897:

Magnús Gunnarsson  
gegn

Sigurði Jónassyni.

#### D ó m u r :

Hinn 1. febrúar f. á. seldi áfrýjandinn Magnús skósmiður Gunnarsson í Reykjavík stefnda Sigurði Jónassyni, bónda á Mosfelli, hest, sem þá var í hagagöngu í Viðey, og á skjali, dags. sama dag, skuldbatt stefndi sig til að greiða hestverðið, 50 krónur, fyrir 1. apríl f. á. Rúmri viku, eptir að kaup þessi gjörðust, drapst hesturinn úr hor í Viðey, og þóttist þá hvorugur málsaðilanna hafa átt hestinn, enda greiddi eigi stefndi hið áskilda kaupverð; en 28. maí f. á. seldi áfrýjandinn kröfu sína um hestverðið í hendur Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni í Reykjavík og ritaði afsal til hans á fyrnefnt skuldbindingarskjal. Kristján höfðaði síðan mál gegn stefnda til greiðslu hestverðsins fyr-